

Ed.

335. Nefndarálit

um frv. til laga um gagnfræðaskóla.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Ég hef ekki getað orðið samferða meiri hlutanum í þessu máli, sakir þess, að þótt ég telji frv. viðunandi í aðalatriðum fyrir smærri kaupstaðina, þá er það mjög fjarri því að fela í sér viðunandi úrlausn á framhaldsfræðslunni fyrir Reykjavík, þar sem fjölmenni er meira en í öllum hinum kaupstöðnum samanlagt.

Fyrst verð ég að víkja að nokkrum ummælum um skólamáli Reykjavíkur í greinargerð frv., sem þeir Ingvar Pálmason og Erlingur Friðjónsson bera þinglega ábyrgð á, en auðsjáanlega eru rituð af Jónasi Jónssyni dómsmálaráðherra. Þar segir meðal annars: »Í Reykjavík hefur aldrei verið neinn eiginlegur alþýðuskóli, fyrr en Alþingi stofnsetti nngmennaskóla þann, sem starfað hefur nú í tvo vetur. Var það ástand orðið beinlínis þjóðhættulegt, þar sem í höfuðstaðnum býr um fjórði hluti allra landsmanna. Í Reykjavík hafa ráðandi menn

bæjarins sýnt svo átakanlegt hirðuleysi um málið, að ekki varð við unandi o. s. frv.

Sannleiknrinn um þetta er sá, að sem stendur eru þessir alþýðuskólar í Reykjavík:

	Tala nemenda	Skóla- gjöld
Gagnfræðadeild Menntaskólans	96	150 kr.
Gagnfræðaskóli Reykvikinga	83	150 —
Ungmennaskólinn	72	75 —
Kvölddeild sama skóla	28	60 —
Kvennaskólinn	99	100 —
Hússtjórnardeild sama skóla... .. .	24	50 —
Verzlunarskólinn	108	200 —
Kvölddeild sama skóla	25	105 —
Iðnskólinn... .. .	290	75 —
Nemendur samtals	825	

Ennfremur má nefna Samvinnnskólann með kringum 40 nemendur og framhaldsbekki barnaskólans (7. og 8. bekk) með 350 nemendum, flestum á skólaskyldualdri, sem lokið hafa fullnaðarprófi hinnar lögskipuð barnafræðslu. Þar við bætast svo nokkrir smærri einkaskólar.

Þessi stutta skýrsla ætti að nægja til þess að sýna, hver fjarstæða það er, að í Reykjavík hafi aldrei verið neinn eiginlegur alþýðuskóli fyrr en Ungmennaskólinn kom. Hinir eru allir eldri en hann, nema einn, sem er jafngamall honum, og hafa samtals sjöfalt eða áttfalt fleiri nemendur en hann. En að heildinni til hafa þessir skólar hvílt léttara á rikissjóði en skólar landsins yfirleitt. Reykvikingar hafa kostað þá að langmestu leyti sjálfir með skólagjöldum og á annan hátt. Þakkirnar fyrir þetta frá æðstu stöðum eru svo þær, að í Reykjavík hafa ráðandi menn bæjarins sýnt svo átakanlegt hirðuleysi um málið, að ekki varð við unandi vegna alþjóðlegra hagsmunna. Öll hin tilfærðu ummæli bera á sér snið lélegustu tegundar óvandaðrar blaðamennsku, en eru gersamlega ósamboðin ráðherra.

Ýmislegt er fleira skakkt og ónákvæmt í greinargerðinni, svo sem það, að Gagnfræðaskólinn á Akureyri sé elstur allra alþýðuskóla á Íslandi, 50 ára. Kvennaskólinn í Reykjavík er eldri. Skiptir þetta auðvitað litlu máli, en ber vott um mjög óviðeigandi hroðvirkni.

Þá skal ég víkja að ágöllum frv. að því er snertir úrlausn skólamála Reykjavíkur. Það þarf ekki annað en að lita á skrána yfir framhaldsskólana, sem nú eru í Reykjavík og vaxið hafa að mestu upp úr eðlilegri þörf bæjarbúa við lítinn stuðning úr rikissjóði, til þess að sjá það, að hér í tjólmenninu hæfir ekki samskonar framhaldsfræðsla (ungmennafraeðsla svonefnd) öllum. Fjölmennið þvingar fram miklu viðtækari verkaskiptingu í atvinnulífinu heldur en þá, sem kemur til greina í fámenni. Þessi verkaskipting í atvinnulífinu gerir harðar kröfur til sérmenntunar, og þær sívaxandi, og þessum kröfum verða skólarnir að fullnægja að því leyti, sem til þeirra kasta kemur. Verzlunarskólinn,

Iðnskólinn og Kvennaskólinn með hússtjórnardeild sinni eru talandi vottnr um þörfina á aðgreiningu skólanámsins til uundirbúnings undir mismnnandi störf í lifnu.

Nú er svo ástatt um þessa skóla hér í Reykjavík, að húsnaðisvandráði er allra þeirra stærsta mein. Iðnaðarmannastétt bæjarins byggði á sínum tíma skólahús fyrir *Iðnskólann*, sem nú er orðinn fjölmennasti skóli landsins að nemendatölu. Húsnaðið er orðið of litið og ekki að öllu leyti samsvarandi kröfum nútímans. Þessi skóli starfar eingöngu að kvöldinu, en brýn þörf orðin að dag-skóla fyrir framhaldskennslu í iðnfræðum. *Verzlunarskólinn*, sem er næstur að fjölmenni, býr í allsendis ófullnægjandi leighúsnaði. *Gagnfræðaskóli Reykvíkinga* er einnig húsnaðislans, *Ungmennaskólinn* sömnleidis. Sé nú litið yfir þessa skóla í heild, sem eru húsnaðislausir eða búa við ófullnægjandi húsnaði, þá sést, að sem stendur eru þar samtals 263 nemendur að deginum og 343 að kvöldinu. Verði gagnfræðadeild Menntaskólans lögð á veg niðnr, svo sem ráðgert er í frv. um þann skóla, sem þingdeildin þegar hefir afgreitt, má telja víst, að tilvarandi tala nemenda leiti í Gagnfræðaskólann og e. t. v. að litlu leyti í Ungmennaskólann. Ennfremnr verður að reikna með áframhaldandi vexti bæjarins meðan úrlausn málsins stendur yfir, og er þá greinilegt, að skólahúsnaði vantar fyrir a. m. k. 400 dagskólanemendur og ámóta marga kvöldskólaemendur — til að byrja með.

Það liggur nú í augnum uppi, að andvældast er að fullnægja þessari húsnaðisþörf með einni myndarlegri skólabyggingu, sem rúmi a. m. k. 400 nemendur til að byrja með og auka megi síðar, og liggja til þess tvær höfnáástæður. Önnur sú, að ein bygging verður ódýrari en fleiri með jafnmiklu kennslurúmi fyrir það, að ýmislegt húspláss annað en kennslustofurnar getur þá verið sameiginlegt fyrir alla skólana, ef þeir eru í einn húsi, og má fyrir þá sök komast af með minna heildarhúsnaði. Hin sú, að ef byggja ætti sérstök skólahúsin, 3 eða 4, þá þyrfti miklu meira kennslurúm, sakir þess að í hverjum skóla þarf húsnaði fyrir þá nemendatölu, sem mest er þar samtímis. Þar sem Iðnskólinn hefir nær 300 kvöldnemendur, en hinir skólarnir fjótlega um 400 dagnemendur, þyrfti að byggja kennslustofur fyrir 700 nemendur, ef skólahúsin eru aðskilin, í staðinn fyrir 400, ef þau eru sameinnd.

Fyrir þessari úrlausn málsins er nú séð með frv. því um samskóla Reykjavíknr, sem nú liggur fyrir Nd. og efalaust felnr í sér þá einu fullnægjandi uppástungu um alþýðuskólamál Reykjavíknr, sem enn hefir komið fram. Ég fór þó ekki fram á það í nefndinni, að því máli væri á neinn hátt blandað inn í þetta frv. Aðeins fór ég fram á lítinn viðauka við 18. gr. frv. Þar er ákveðið, að ríkissjóður leggi fram allt að 90 þús. kr. til húsgerðar handa gagnfræðaskóla í Rvík., gegn 135 þús. kr. frá Reykjavíknrbæ. Viðankinn, sem ég óskaði eftir, var nú sá, að heimilað yrði, ef um það nædist samkomnlag milli allra aðilja, og þá einnig ríkisstjórnarinnar, að þessi framlög mættu, ásamt öðrn fé, er til þess fengist, ganga til sameiginlegrar byggingar fyrir Gagnfræðaskólann, Iðnskólann og Verzlunarskólann. Annar af meðnefndarmönnum mínnm (PH) viðurkenniði rökin fyrir þessu, en vildi þó ekki styðja tillögn um það nema með samþykki kennslumálaráðherra. Var þess leitað, en fékkst ekki, og tók ég þá þann kost að kljúfa nefnd-

ina. Hinsvegar get ég nú ekki, eftir að andstaða ráðherrans gegn skynsamlegri hugsun á þessu sviði er svo ber orðin, látið mér nægja að orða þetta sem heimild fyrir stjórnina, og haga ég brtt. minnm samkv. því. Að öðru leyti mun ég gera grein fyrir afstöðu minni til frumvarpsins og til brtt. meiri hlutans í framsögu.

Alþingi, 21. marz 1930.

Jón Þorláksson.